

## Efna- og hitapolið iðnaðargólf - tæknilýsingarblað

### Efnislýsing:

ULTRA 9000 er þriggja þátta leysi-efnalaust pólýúretanefni, sem samanstendur af ólituðum kvarssandi og lituðu tveggja þátta pólýúretan bindiefni. ULTRA 9000 er lagt um það bil 6-9mm þykkt og er ákjósanlegt þar sem hita-efna- og lyftaraálag er mikið.

### Kostir:


Helstu kostir ULTRA 9000 gólfefnisins eru, að það er leysi-efnalaust og því ekki mengandi fyrir matvæli eða umhverfið, hvorki við lögn né eftir á. ULTRA 9000 er með upphleyptri áferð sem gerir efnið stamt og hálkufrítt. ULTRA 9000 er lagt samskeytalaust þ.e.a.s. hefur samfellt yfirborð og auðvelt er að leggja það í ávalan húlkíl, sem auðvelt er að þrifa. ULTRA 9000 inniheldur efni sem gerir því kleift að hleypa upp í gegnum sig raka og að vera lagt á nýlagða steypu (2-3 daga gamla).

### Notkunarsvið:

Helsta notkunar-svið ULTRA 9000 eru gólf í matvælaíðnaði svo sem í fisk- og kjötvinnslum, þar sem álag er mikið og krafa er um hálkufrítt yfirborð. Hægt er að fá ULTRA 9000 í nokkrum staðallitum.

### Eiginleikar:

- ◆ **Þrýstipól:** 88 N/mm<sup>2</sup>
- ◆ **Beygjupól:** 30 N/mm<sup>2</sup>
- ◆ **Togpólsstyrkur meiri en steypu**
- ◆ **Hitapól:** 60-120°C (5-9mm)
- ◆ **Efnapól:** Mjög gott.
- ◆ Algerlega raka og vatnspétt, en hleypir upp í gegnum sig raka í gufuformi.



Lagning ULTRA 9000 skal eingöngu framkvæmd af sérþjálfuðum lagningar-mönnum.

### Umhirða:

Endingartími gólfefnis getur meðal annars byggst á reglulegum þrifum og góðri umhirðu. Gólfefnið skal þrifið með réttum efnum til að fjarlægja m.a. Dekkjaför og önnur illþrifaðleg óhreinindi. Gólfefni í matvælaíðnaði er almennt nægjanlegt að þrifa með 50°C heitu vatni og hreinsiefnum skv. Þrifaplani frá framleiðanda hreinlætisvara. Nýtt gólfefni getur í sumum tilfellum verið kjörið tækifæri til að bæta umgengni á vinnustað.

### Vinnslutími:

- ◆ Tími við lögn: 2 dagar
- ◆ Gönguhæft: 18-20 klst/20°C
- ◆ Lyftaraumferð: 48 klst/20°C
- ◆ Fullharðnað: 7 dagar/20°C

### Vinnsluferli:

Steinsteypa þarf að vera minnst 28 daga gömul frá lagningu, undirlag sé með a.m.k. 25N/mm brotstyrk að öðrum kosti þarf að styrkja yfirborðið með epoxy bindiefni, hlutfallsraki sé minni en 80% í yfirborði undirlags og að lofthiti sé yfir 18°C á meðan lögn fer fram.